

Nd.

98. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Við 10. gr. 2. málsg. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Leyfi til þess að reka útibú frá aðalverzlun má veita með sömu skilyrðum og almenn verzlunarleyfi, þótt eigi sé það stofnsett í löggiltum verzlunarstað.

G r e i n a r g e r ð .

Með þróun samgöngumálanna á landi hér, og í þeim héruðum, þar sem breytingar hafa orðið með þeim hætti, að sjóferðir til aðdráttá hafa lagzt niður, en allir flutningar fara nú fram eftir vegum landleiðina, hefur það sýnt sig, að ákvæði verzlunaratvinnulaganna eru orðin ófullnægjandi, er þau setja það skilyrði fyrir leyfi til almennrar verzlunar, að hún sé rekin í „löggiltum verzlunarstað“. Er það ekki sízt, þegar aðalverzlun þarf, vegna viðskipta sinna og til hægðarauka almenningi, að setja á stofn útibú á hentugum stað með tilliti til samgangna og annars, að ekki verður nú kleift að hlíta við sama og áður: að reka verzlunir alls staðar við sjó fram, enda slíkt aftekið fyrir löngu í öðrum löndum. Hafa og allvíða verið löggiltir „verzlunarstaðir“ hér við land, þar sem hreinar eyðimerkur eru, langt frá mannabyggðum, sem aldrei hafa verið nema nafnið tómt og nú mega teljast úr sögunni, svo að eigi er hér miklu fyrir að fara. — Í einu héraði er nú t. d. svo komið, að verzlun (kaupfélag), sem áður hafði fengið verzlunarleyfi til útibúsrekstrar við „löggiltan“ lendingarstað, hefur nú orðið að flytja þennan útsölustað upp í sveitina og reist þar hús til þessa. Gæti að því rekið, að taka yrði af verzluninni þetta leyfi, því að „skilyrðin“ fyrir því að lögum eru brostin (útibúið meira að segja komið í annan hrepp en upphaflega); en slíkt er vitanlega fullkomið óyndisúrræði, sem ekki má koma til. — Leiðin til þess að bæta úr þessu yfirleitt er því breyting sú, er frv. þetta fer fram á.